

Alþingi  
Erindi nr. P 138/178  
komudagur 18.11.2009



F I S K I S T O F A  
Lax- og silungsveiðisvið  
Dalshrauni 1 • 220 Hafnarfjörður • Sími 569 7900 • Fax 569 7990

17. nóvember 2009

Nefndasvið Alþingis  
Sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd  
Austurstræti 8-10  
101 Reykjavík

**Varðar þskj. 184 – 165 mál um breytingu á lögum nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði**

Í tölvupósti dagsettum 13. nóvember er farið fram á umsögn Fiskistofu vegna breytinga á lögum nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði með síðari breytingum. Um er að ræða smávægilegar breytingar og lagfæringar sem hafa verulega þýðingu fyrir beitingu laganna annarsvegar varðandi atkvæði í veiðifélögum en hinsvegar varðandi viðurlög vegna framkvæmda við ár og vötn án heimildar.

Fiskistofa gerir ekki athugasemdir við þessar breytingar, sem hún telur vera til mikilla bóta fyrir útfærslu laganna.

Af gefnu tilefni skal bent á að embætti veiðimálastjóra var lagt niður við stofnun Landbúnaðarstofnunar í ársbyrjun 2006, sem síðar breyttist í Matvælastofnun. Við þá breytingu var stjórnarsýsla laxfiska síðan flutt til Fiskistofu um mitt ár 2008. Netfangið veidimalastjorn@veidimalastjori.is, sem er á lista sem fylgdi erindinu, er því ekki lengur í notkun.

Virðingarfyllst

Árni Ísaksson  
forstöðumaður